

Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	2
Höfðaskóli.....	2
Af hverju sjálfsmat.....	2
Stefna skólans.....	3
Vinnubrögð og ábyrgð	3
Vinnubrögð.....	3
Ábyrgð.....	3
Markmiðssetning og viðmið.....	3
Aðferðir og framkvæmd	4
Gagnaöflun.....	4
Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum.....	4
Niðurstöður	5
Helstu niðurstöður.....	5
Samantekt og ábendingar	6
Samantekt.....	6
Umbótaáætlun	6
Námsáætlanir.....	6
Mötuneytisreglur.....	6
Foreldraviðtöl.....	7
Samkennsla.....	7
Líðan nemenda.....	7
Fylgiskjöl	8

Inngangur

Höfðaskóli

Höfðaskóli á Skagaströnd er grunnskóli með 1. til 10. bekk og kemur hluti nemendanna úr öðru skólahverfi, Skagabyggð. Er þeim nemendum ekið í skólann á kostnað Skagabyggðar. Í vetur voru 112 nemendur í skólanum, 15 fastráðnir kennarar í mismiklum starfshlutföllum ásamt deildarstjóra sérkennslu, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri. Þá störfuðu nokkrir stundakennarar við kennslu í valfögum á sínum sérsviðum (t.d. iðnmenntað fólk). Einnig starfaði við skólann einn stuðningsfulltrúi í allan vetur og annar tímabundið auk þriggja skólaliða og húsvarðar.

Skólastarfinu er skipt í þrjár svipað langar annir: haust- vetrar- og vorönn. Kennslan fer fram í tveimur húsum, yngra- og miðstigi í skólahúsinu sjálfu en eldra stigi, 8. – 10. bekkur í íþróttahúsinu, sem er á sömu lóð. Sund er kennt í námskeiðsformi haust og vor u.þ.b. hálfan mánuð hvort skipti. Er þetta fyrirkomulag haft vegna þess að sundlaugin er lokuð yfir vetrartímam.

Gott samstarf er milli Höfðaskóla og Tónlistarskóla A-Hún. Fá nemendur, sem stunda tónlistarnám, að fara úr almennum tímum í skólanum til að mæta í tíma með hljóðfæri sín. Tónlistartímarnir eru skipulagðir þannig að nemendur mæta á mismunandi tímum frá viku til viku. Þá er tónlistarnám viðurkennt sem ein af valgreinum í eldri bekkjum skólans.

Af hverju sjálfsmat?

Samkvæmt lögum ber grunnskólum að framkvæma innra mat á starfsemi sinni. Skólum er í sjálfsvald sett hvornig þetta mat fer fram og eru til margar leiðir við framkvæmd þess.

Höfðaskóli valdi að nota tölvutengt mat sem kallast Skólamat frá fyrirtækinu Outcome en það fyrirtæki sérhæfir sig í að búa til kannanir af ýmsum toga. Matið er formlegt leiðsagnarmat sem byggir á spurningalistum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Aðalmarkmið þess er að leita upplýsinga til að finna veikar og sterkar hliðar skólastarfsins til að geta unnið að úrbótum þar sem þeirra er þörf. Outcome byggir á þriggja ára framkvæmdaáætlun og var byrjað á áætluninni haustið 2008. Nú á vormánuðum 2011 líkur því áætluninni sem farið hefur verið eftir.

Vegna athugasemda úttektaraðila vorið 2010 á sjálfsmatsaðferðum Höfðaskóla, þar sem aðferðirnar þóttu ekki fullnægjandi, var gripið til þess ráðs að senda alla kennara skólans á námskeið haustið 2010. Þar var kynnt fyrir kennurum matstækið Gæðagreini sem byggist á eigindlegum aðferðum að mestu öfugt við Skólamatið sem byggir að mestu á meginlegum aðferðum við gagnaöflun. Auk þess hefur matsteymi skólans notið leiðsagnar Sigríðar Sigurðardóttur sem er sérfræðingur í matsaðferðum. Hefur sú vinna verið í samvinnu við Blönduskóla og Grunnskóla Húnaþings vestra. Auk Outcome áætlunarinnar voru því í vetur einnig notaðar aðrar matsaðferðir sem byggja m.a. á aðferðum úr Gæðagreini.

Stefna skólans

Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnarorðunum: **Vinsemd, virðing, styrkur.** Þar er vísað til þess að öllum beri að sýna samferðafólki sínu vinsemd og virðingu þrátt fyrir að við erum ólík og jafnvel ósammála um mikilvæg atriði. Vinsemd og virðing er ekki hægt að kaupa sér heldur verður maður að öðlast hvort tveggja með eigin framkomu og hegðun. Styrkur vísar til að til þess að vera virkur og hamingjusamur einstaklingur í lýðræðislegu samfélagi er ekki nóg að vera læs og skrifandi. Allir þurfa að efla styrk sinn á breiðu sviði, líkamlega, félagslega, andlega og námslega án þess þó að það komi niður á öðrum. Til að meta þessa þætti var m.a. spurt um líðan nemenda í skólanum, eineltiskannanir gerðar, öflugt félagslíf metið huglægt auk formlegra prófa í einstökum námsgreinum. Auk þess teljum við að frammistaða nemenda og framkoma á hinum ýmsu „milli skóla“ atburðum s.s. keppnum, skólalúðum og skólaferðalögum sé ágætur mælikvarði á líkamlegan, andlegan og félagslegan styrk nemendanna auk hins námslega. Þar hefur skólanum gengið mjög vel og ávallt hlotið bestu einkunn þeirra sem að slíku standa hverju sinni.

Vinnubrögð og ábyrgð

Vinnubrögð

Eins og fram kom í inngangi byggir Skólamat Outcome á þriggja ára áætlun þar sem nemendur, starfsfólk og foreldrar eru spurðir um fjölmörg atriði sem skólann varða. Niðurstöðurnar eru settar fram á skýran og auðskiljanlegan máta með prósentutölum og skífu- eða súluritum. Áætlunin gerir ráð fyrir að spurt sé um mismunandi efnisflokka á hverju ári en þó er spurt um líðan nemenda á hverju ári. Í fylgiskjali með þessari skýrslu má sjá áætlunina í heild sinni ásamt áfangaskýrslum frá vorinu 2009 og vorinu 2010.

Ábyrgð

Sjálfsmatsteymi skólans ber ábyrgð á framkvæmd innra mats skólans en það skipa þrír kennarar, einn af hverju stigi, ásamt aðstoðarskólastjóra. Allir starfsmenn skólans hafa síðan tekið þátt í vinnuferlinu og verið upplýstir um gang mála hverju sinni. Þá hafa kennarar, einkum umsjónarkennara, tekið þátt í gagnaöflun t.d. með viðtölum við foreldra, vinnu við líðanakannanir ásamt því að taka þátt í rýnihópum um hin ýmsu mál er snerta skólastarfið.

Markmiðssetning og viðmið

Það að skólastefna fyrir Höfðaskóla skuli enn vera í smíðum hefur valdið nokkrum erfiðleikum við markmiðssetningu fyrir sjálfsmatið. Markmiðssetning hefur því verið nokkuð víð og falið í sér vilja til að gera skólann betri á sem flestum sviðum án þess að marka stefnu að ákveðnu þrengra marki. Matsteymið telur að skortur á skólastefnu sé einn af veikum þáttum skólans en stefnan er í smíðum hjá sveitarstjórn og sérfræðingum á hennar vegum. Markmið skólans í

sambandi við spurningarnar í Skólamatinu voru að fá sem jákvæðasta svörun. Sett var það viðmiðið að ef 80% svarenda merktu við tvo jákvæðustu svarkostina við hverri spurningu væri það ásætlanlegt fyrir skólann. Allt þar yfir væri gott. Ekki náðist 80% markið í öllum þáttum sem spurt var um en í meirihluta tilfella náðist það markmið. Í þeim tilfellum sem það náðist ekki var það skoðað með kennarahópnum og leitað hugmynda til úrbóta.

Aðferðir og framkvæmd

Gagnaöflun

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur, við framkvæmd skólamatsins, verið farið eftir áætlun Skólamats Outcome ásamt viðbót úr Gæðagreini og ýmsu frá sjálfsmatsteiminu sjálfu. Skólamat byggist á þrjátíu og einni vefkönnun fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Ætlast er til að könnunum sé dreift á þriggja ára tímabil þar sem hver áðurnefndra hópa tekur ákveðnar kannanir á hverju ári samkvæmt ákveðinni framkvæmdaáætlun. Hver könnun inniheldur tíu spurningar þar sem svörin eru sett í með fimm þrepa Likert-skala. Svarmöguleikarnir geta verið t.d.: alltaf, oft, stundum, sjaldan og aldrei eða mjög vel, nokkuð vel, nægilega vel, ekki nóg vel og alls ekki nógu vel. Kannanirnar taka til sjö mismunandi þátta er snerta skólastarfið, mismargar til hvers þáttar fyrir sig. Þættirnir eru: Líðan (3), samskipti (5), almennt um skólann (5), starfið í skólanum (2), nám og kennsla (2), stjórnun, stefnumörkun og skipulag (6) og upplýsingastreymi (3). Nokkrar kannananna er lagðar fyrir oftast en einu sinni á þessu þriggja ára matstímabili. Á þessu skólaári, 2010 – 2011, voru lagðar eftirfarandi kannanir fyrir nemendur: Líðan, samskipti og upplýsingastreymi, stjórnun og stefnumörkun. Starfsfólk og foreldrar svöruðu : Líðan, samskipti, stjórnun stefnumörkun og skipulag og upplýsingastreymi.

Eftir að hafa lítillega kynnst Gæðagreini sem matstæki voru notaðar nokkrar spurningar úr honum í vetur. Gæðagreinin byggist á eiginlegum aðferðum þar sem ákveðnar spurningar eru teknar fyrir af starfsmannahópnum, þær brotnar til mergjar og síðan gerð umbótaáætlun í framhaldinu, ef þurfa þykir, með ákveðnum tímamörkum og endurmati á hvernig til tekst.

Við hver annaskil voru foreldraviðtöl þar sem farið var yfir skólastarfið með foreldrum. Í þessum samtölum kom fram jákvæðni út í skólann og starfið þar. Það bar líka saman við svör foreldra í tölvukönnunum úr Skólamati um líðan og samskipti. Það rímaði líka vel við líðanakannanir, sem gerðar voru meðal nemenda af umsjónarkennurum, og niðurstöður Olweusarkönnunar, sem framkvæmd var í nóvember og svör nemenda við tölvukönnunum um líðan og samskipti úr Skólamati.

Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum

Allt ut anumhald og túlkun gagna sem fram komu í ofanritaðri vinnu var í höndum matsteymisins sem síðan kynnti og ræddi niðurstöður sínar á kennarafundum. Nokkuð hefur skort á að kynna vinnu teymisins í vetur jafn óðum út á við. E.t.v. þarf að finna aðra og betri aðferð við kynningu

á þessu efni en að birta það bara í skýrsluformi á heimasíðu skólans þar sem stór hópur foreldra nýtir sér hana lítið eða ekkert.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála í sambandi við skólastefnu Höfðaskóla. Meðal matsspurninga sem unnið var með í vetur voru: Hvernig líður nemendum í skólanum og hvað getum við gert svo öllum líði vel þar? Hvernig getum við bætt árangur nemenda í lestri og lesskilningi? Hvernig má auka áhuga og ábyrgð nemenda á námi sínu? Hvernig getum við bætt árangur nemenda á samræmdum prófum? Hvernig geta kennarar komið betur til móts við námsþarfir hvers og eins?

Líðanakönnunum úr Skólamati og einnig athuganir umsjónarkennara gefa til kynna að yfirgnæfandi meirihluta nemenda (ca. 90%) líður vel í skólanum. Í skólanum er þó lögð áhersla á að ávallt þurfi að fylgjast náið með þessum þætti því þetta getur verið fljótt að breytast. Þá er líka markmiðið sett enn hærra í þessum efnum eða að öllum líði vel í skólanum.

Eftir slæmt gengi 4. og 7. bekkja í samræmdum prófum í haust var gerð umbótaáætlun í lestri sem m.a. fól í sér að hafa sérstakt lestarátak í eina viku. Til að komast að hvort átakið skilaði því sem til var ætlast voru af handahófi valdir tveir nemendur úr hverjum bekk, þeir hraðlestrarprófaðir nokkrum dögum áður en átakið hófst og síðan aftur í lok þess. Þessar mælingarnar sýndu að af þeim 20 nemendum, sem prófaðir voru, juku allir nema tveir hraða sinn í lestri. Bætingin var mis mikil hjá hverjum og einum en niðurstöðurnar í heild má sjá á súluriti í fylgiskjali með þessari skýrslu. Auk þess jókst áhugi margra nemenda á bóklestri almennt við átakið og kom það fram í auknum útlánum úr skólabókasafninu.

Til að auka ábyrgð og áhuga nemenda á eigin námi var gerð tilraun í nokkrum af eldri bekkjunum með að nemendur gerðu sjálfir áætlanir um nám sitt í ákveðnum greinum. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð og í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár verður reynt að taka þetta fyrirkomulag upp í öllum bekkjum en þá með hjálp og ábyrgð foreldra líka.

Árangur nemenda á samræmdum prófum undanfarin ár hefur valdið áhyggjum í skólanum. Því var gerð samantekt á virðisauka nemenda á árangri milli samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk nokkur ár aftur í tímann. Í ljós kom að virðisauki var yfirleitt lítill frá 4. til 7. bekkjar en almennt ásættanlegur frá 7. til 10. bekkjar. Þrátt fyrir að virðisaukinn væri ásættanlegur er árangurinn miðað við landsmeðaltöl þessara ára það ekki. Segja má að illa hafi gengið hjá skólanum að finna ráð við þessum vanda. Bundnar eru vonir við er það sem áður er sagt um aukna ábyrgð nemenda og foreldra þeirra á náminu. Þetta er langtímamarkmið þar sem árangur – eða árangursleysi - mun ekki koma í ljós fyrir en eftir einhvern tíma. Sterki punkturinn í þessu er þó sá að með því að taka þetta til skoðunar og fjalla um það í starfsmannahópnum, hjá fræðsluráði og víðar, þá veitir það hvatningu og aðhald fyrir kennara skólans að leggja sig enn betur fram en áður.

Niðurstaða kennarahópsins að betur þyrfti að koma til móts við námsþarfir hvers og eins. Ein af forsendum þess væri þó að nemendur áttuðu sig betur sjálfir á stöðu sinni og hvað þeir helst þyrftu að bæta hver og einn. Þess vegna var ákveðið að taka málið upp aftur í haust eftir að nemendurnir hafa gert áætlanir sínar og reyna af fremsta megni að koma til móts við þær.

Samantekt og ábendingar

Samantekt

Yfirmarkmið skólastarfsins þennan vetur eins og áður var að nemendum líði vel í skólanum og að þeir næðu betri árangri á sem flestum sviðum en á síðasta skólaári. Þegar þessi skýrsla er skrifuð í apríl/maí 2011 er það mat okkar að á mörgum sviðum hafi okkur tekist að gera betur en á síðasta starfsári. Nemendum hefur gengið vel í félagsstarfi, íþróttakeppnum milli skóla, stóru upplestrarkeppninni, stóðu sig vel í þemaviku og stærðfræðikeppni FNV. Þetta eru allt atriði til að gleðjast yfir og gefur kennurum og nemendum kraft til frekari átaka í framtíðinni. Þá sýna niðurstöður eineltiskannana Olweusar að minni vandamál eru á ferðinni meðal nemenda nú heldur en síðast þegar slík könnun var gerð. Þessar kannanir eru gerðar í nóvember á hverju ári.

Við teljum skólann ekki hafa náð þeim markmiðum, sem að var stefnt á þessu skólaári, í árangri nemenda á samræmdum prófum. Við teljum það eina af sterku hliðum skólans að nemendum líði vel og erum sammála um að það sé forsenda fyrir bættum námsárangri. Veika hlið skólans í þessu máli er e.t.v. sú að ekki hefur tekist að fá foreldrana nógu vel með. Þar má bæta og auka samskiptin verulega þó svo að foreldrar telji, aðspurðir, að tengslin séu góð og nægjanleg.

Umbótaáætlun

Námsáætlunir

Á næsta skólaári er stefnt að því að allir nemendur skólans geri sér námsáætlun í samráði við foreldra sína og kennara. Þetta fyrirkomulag verður prófað á haustönninni en síðan endurmetið að þeirri önn lokinni í nóvember. Er þetta gert vegna þess að það er samdóma álit kennara og stjórnenda skólans að áhugi nemenda fyrir námi sé ekki nógu mikill. Þá er einnig stefnt að því að auka nemendalýðræði í skólanum með því að leyfa þeim að hafa meiri áhrif á framvindu eigin náms – undir eftirliti kennara. Framkvæmd þessara mála er á ábyrgð kennara og e.t.v. ekki síður nemendanna sjálfra. Árangur þessara breytinga verður mældur tölulega (einkunnir) og einnig huglægt með mati á áhuga og framförum nemenda af kennurum og stjórnendum við lok haustannar 2011.

Mötuneytisreglur

Vegna nokkurra óláta og dónaskapar nemenda í matartímum í Kántrýbæ voru reglur um hegðun og fyrirkomulag þar skerptar og farið yfir þær með öllum nemendum. Þar sem þetta hefur gefið

góða raun munu reglurnar verða í gildi áfram næsta skólaár. Reglur þessar má sjá í fylgiskjali með þessari skýrslu.

Foreldraviðtöl

Við annaskipti eru höfð viðtöl við foreldra allra nemenda skólans. Í vetur var fyrirkomulagi þessara viðtala breytt þannig að þau voru haldin nokkrum dögum eftir að önninni lauk og ný önn var hafin. Áður voru þessi viðtöl haldin áður en ný önn hófst. Þetta fyrirkomulag reynist betur en það sem áður var því nú gefst tími til sjúkraprófa, ef þarf, og einnig skila foreldrar sér mun betur þegar viðtölin eru höfð í miðri viku en ef þau liggja að helgi. Þess vegna mun þetta fyrirkomulag vera áfram við líði. Það sem fram kemur í þessum viðtölum við foreldra er ávallt tekið fyrir á næsta kennarafundi eftir að þeim lýkur ásamt fyrirkomulagi þeirra. Verður þessu endurmati haldið áfram næsta vetur eins og verið hefur.

Samkensla

Fyrirkomulagi samkenslu á yngsta stigi mun verða breytt næsta haust þar sem reynslan af núverandi fyrirkomulagi gefur ekki nógu góða raun. Munu stjórnendur skólans gera tillögur að skipulagsbreytingum og munu tillögurnar verða tilbúnar fyrir skólabyrjun næsta haust. Munu breytingarnar verða endurmetnar næsta vor af stjórnendum og kennurum en vegna eðlis breytinganna þykir ráðlegt að reyna nýtt fyrirkomulag a.m.k. eitt skólaár.

Líðan nemenda

Í líðanakönnun í október taldi tæpur helmingur nemenda að skóladagurinn væri lengur eða miklu lengur að líða en aðrir dagar. Þetta túlkaði matsteymið sem merki um skólaleiða. Því var þetta mál rætt á kennarafundi (rýnihópur allra kennara) til að leita leiða til að draga úr skólaleiða. Niðurstaðan var að reyna að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og verkefnum ásamt því að koma betur til móts við námsþarfir hvers og eins. Þá voru kennarar einnig sammála um gildi hróss og reyndu að auka það eftir mætti. Þá var líka ákveðið að auka áhrif og ábyrgð nemenda á eigið nám. Allt þetta hefur verið reynt í vetur og samkvæmt huglægu mati kennara hefur þetta tekist að vissu marki. Vinnan heldur þá áfram á sömu braut og verður þetta athugað aftur með spurningalista fyrir nemendur í október 2011. Hver og einn kennari ber ábyrgð á sinni framkvæmd en stjórnendur hafa yfirsýn og eftirfylgni með höndum.

Fylgiskjöl

1. Skólamat, þriggja ára matsáætlun frá Outcome
2. Niðurstöður Skólamats- kannana veturinn 2010 – 2011
3. Listi yfir virðisauka nemenda á samræmdum prófum milli 4., 7. og 10. bekkja
4. Súlurit yfir árangur af lestrarátaki í janúar 2011
5. Mötuneytisreglur
6. Athugasemdir eftir foreldraviðtöl við annaskipti

Fylgiskjal 1

Matsáætlun Höfðaskóla 2009 - 2011 – Fyrsta ár.

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
1. ár		
Undanfari 1. árs Maí	Undanfari kerfisbundins mats til þriggja ára. 1. Undirbúningsvinna matshóps og skólasamfélags. 2. Leitað eftir hugmyndum skólasamfélagsins um þá þætti sem mikilvægt er að leggja mat á og forgangsöröðun þeirra. 3. Matsfundir, starfsmannasamtöl, fundir matshóps með skólaráði, kennararáði og nemendaráði. 4. Unnið að áætlun um sjálfsmat til þriggja ára.	Skólasamfélagið undir stjórn matshóps.
Ágúst	1. Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólstarfi. 2. Kynnt fyrir skólasamfélaginu það sem fram kom í undirbúningsvinnu matshóps og skólasamfélags.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið.
Sept.	Áætlun um sjálfsmat til þriggja ára lögð fram og kynnt.	Matshópur og skólasamfélagið.
Okt. GAGNA ÖFLUN SKÓLAMAT	1. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 2. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkunum um líðan og samskipti: Líðan (nemendur einn spurningalisti, foreldrar einn listi og starfsfólk tveir listar). Samskipti (nemendur einn spurningalisti, foreldrar einn listi og starfsfólk einn listi).	Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar.
Nóv. – des.	1. Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkja. 2. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar og umbótaáætlun gerð. 3. Foreldraviðtöl við annaskipti í nóvember og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 4. Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr SKÓLAMATI og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. 5. Gerð áætlun um aðgerðir.	Matshópur, nemendur og foreldrar
Janúar – mars GAGNA ÖFLUN SKÓLAMAT	1. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum (febrúar). 2. Foreldraviðtöl við annaskipti í febrúar og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 3. Niðurstöður úr Olweusarkönnunum kynntar og unnið með niðurstöðurnar. 4. Starfsmannasamtöl tekin (á miðjum vetri) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólstarfi.	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

	<p>5. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum.</p> <p>6. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkunum: Almennt um skólann (nemendur einn spurningalisti, foreldrar tveir listar og starfsfólk tveir listar).</p> <p>7. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.</p>	
Apríl – júní	<p>1. Starfsmannasamtöl tekin (að vori) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi.</p> <p>2. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum.</p> <p>3. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum.</p> <p>4. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á skólaárinu.</p>	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.

Matsáætlun Höfðaskóla 2009 - 2011 – Annað ár.

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
2. ár		
Júní – ágúst.	<p>1. Sjálfsmatsskýrsla fyrsta árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðsluyfirvöldum.</p> <p>2. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.</p>	Matshópur, starfsmenn, skólaráð og fræðsluyfirvöld.
Ágúst – sept.	<p>1. Kynnt fyrir starfsfólki það sem fram kom á matsfundum og starfsmannasamtölum vorsins.</p> <p>2. Farið yfir á fundum í upphafi skólaárs til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir sem fjallað verður um í tengslum við gerð skólaþróunaráætlunar.</p> <p>3. Matshópurinn hefst handa við að draga saman umbótahugmyndir sem fram hafa komið í afstöðnu mati síðasta árs.</p> <p>4. Umbótamiðuð skólaþróunaráætlun sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu.</p>	Skólastjórnandi, matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið.
Sept.	<p>1. Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi.</p> <p>2. Sterkar og veikar hliðar og umbótahugmyndir settar fram á grundvelli þeirra.</p>	Skólastjórnendur, starfsmenn og matshópur.
Október GAGNA	<p>1. Gildandi endurmenntunaráætlunin yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks.</p>	Matshópur, starfsfólk, nemendur og foreldrar.

<p>ÖFLUN SKÓLAMAT</p>	<p>2. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 3. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkunum um líðan og samskipti: Líðan (nemendur einn spurningalisti, foreldrar einn listi og starfsfólk tveir listar). Samskipti (nemendur einn listi, foreldrar einn listi og starfsfólk tveir listar).</p>	
<p>Nóv. – des.</p>	<p>1. Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkja. 2. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar og umbótaáætlun gerð. 3. Foreldraviðtöl við annaskipti í nóvember og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 4. Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr SKÓLAMATI og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. 5. Gerð áætlun um aðgerðir.</p>	<p>Matshópurinn, starfsfólk, nemendur og foreldrar.</p>
<p>Janúar – mars</p> <p>GAGNA ÖFLUN SKÓLAMAT</p>	<p>1. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum (febrúar). 2. Foreldraviðtöl við annaskipti í febrúar og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 3. Niðurstöður úr Olweusarkönnunum kynntar og unnið með niðurstöðurnar. 4. Starfsmannasamtöl tekin (á miðjum vetri) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 5. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum. 6. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkunum um nám og kennslu Starfsmenn svara auk þess spurningaflokknum um Starfið í skólanum: Nám og kennsla (nemendur fjórir spurningalistar, foreldrar fjórir listar og starfsfólk tveir listar). Starfið í skólanum (starfsfólk tveir spurningalistar). 7. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.</p>	<p>Skólastjórnendur, verkefnisstjóri Olweusar í Húnavatnssýslum, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.</p>
<p>Apríl – júní</p>	<p>1. Starfsmannasamtöl tekin (að vori) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 2. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum. 3. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum. 4. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindu mati skólaársins.</p>	<p>Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.</p>

Matsáætlun Höfðaskóla 2009 - 2011 – þriðja ár

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Júní – ágúst.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Sjálfsmatsskýrsla annars árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðslufirvöldum. 2. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans. 	Matshópur, starfsmenn, skólaráð, fræðslufirvöld og skólasamfélagið.
Ágúst – sept.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kynnt fyrir starfsfólki það sem fram kom á matsfundum og starfsmannasamtölum vorsins. 2. Farið yfir á fundum í upphafi skólaárs til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótagmyndir sem fjallað verður um í tengslum við endurskoðun skólaþróunaráætlunar. 3. Matshópurinn ásamt starfsfólki skólans hefst handa við að draga saman umbótagmyndir sem fram hafa komið í afstöðnu mati síðasta árs. 4. Umbótamiðuð skólaþróunaráætlun skólans endurskoðuð og ný sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu. 	Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið.
Sept.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 2. Sterkar hliðar og veikar hliðar og umbótagmyndir settar fram á grundvelli þeirra. 	Skólastjóri, starfsmenn og matshópur.
Október GAGNA ÖFLUN SKÓLAMATI	<ol style="list-style-type: none"> 1. Gildandi endurmenntunaráætlunin yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks. 2. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum. 3. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningalistum um: Líðan (nemendur einn spurningalisti, foreldrar einn listi og starfsfólk tveir listar). Samskipti (nemendur, foreldrar og starfsfólk einn spurningalisti á hvern hóp). 	Matshópur, starfsfólk, nemendur og foreldrar.
Nóv. – des.	<ol style="list-style-type: none"> 1. Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkja. 2. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar og umbótaáætlun gerð. 3. Foreldraviðtöl við annaskipti í nóvember og unnið með niðurstöðurnar á stigsfundum. 4. Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr SKÓLAMATI og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að úrbótum. 5. Gerð áætlun um aðgerðir. 	Matshópurinn, skólastjórnendur, starfsfólk, nemendur, foreldrar.
Janúar – mars	<ol style="list-style-type: none"> 1. Líðana- og tengslakannanir lagðar fyrir nemendur 1. – 10. bekkja og unnið úr niðurstöðum á stigsfundum (febrúar). 2. Foreldraviðtöl við annaskipti í febrúar og unnið úr niðurstöðum á 	Skólastjóri, matshópur, starfsfólk, verkefnisstjóri

<p>GAGNA ÖFLUN SKÓLAMATI</p>	<p>stigsfundum. 3. Niðurstöður úr Olweusarkönnunum kynntar og unnið með niðurstöðurnar. 4. Starfsmannasamtöl tekin (á miðjum vetri) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 5. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum. 6. Gagnaöflun / vefkannanir og málstofur úr SKÓLAMATI – Starfsmenn, nemendur og foreldrar svara eftirfarandi spurningaflokkunum: Upplýsingastreymi, stjórnun og stefnumörkun (nemendur einn spurningalisti). Upplýsingastreymi (foreldrar einn spurningalisti og starfsfólk einn listi). Stjórnun, stefnumörkun og skipulag (foreldrar einn spurningalisti og starfsfólk þrjú listar). 7. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.</p>	<p>Olweusar í Húnavatnssýslum, foreldrar og nemendur.</p>
<p>Apríl – júní</p>	<p>1. Starfsmannasamtöl tekin (að vori) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. 2. Í framhaldi af því eru matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum. 3. Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum. 4. Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindu mati skólaársins. 5. Lokaskýrsla fyrir árin 2009 – 2011 unnin.</p>	<p>Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.</p>

Fylgiskjal 2

Niðurstöður kannana úr Skólamati sem lagðar voru fyrir veturinn 2010 - 2011

Upplýsingar um hvernig tölfræði skýrslunnar er reiknuð

A. Tölur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru birtar í töflum og gröfum. Texti spurningarinnar sést efst í töflunni. Í töflunni eru birtir allir svarmöguleikar ásamt fjölda þeirra sem velja hvern svarmöguleika, prósentutölur og vikmörk hlutfalla. Töflurnar sem birta samkeyrslu (greiningu) spurninga sýna heildarfjölda svarenda sem svara tiltekinni spurningu, sniðmengi svara eru þeir þátttakendur sem svara báðum spurningum, þ.e. þeirri sem verið er að greina og þeirri sem verið er að greina eftir. Niðurstöður útreikninganna má birta ýmist eða bæði sem prósentu- eða fjöldatölu.

B. Vikmörk hlutfalla

Til að meta gildi niðurstaða rétt þarf grundvallarskilning á vikmörkum hlutfalla. Vikmörk hlutfalla segja til um hversu nálægt rétt niðurstaða er með einhverri tiltekinni vissu. Sem stendur segir þessi tala okkur með 95% vissu að hlutfall svarenda liggja á útreiknuðu bili +/- vikmörkin (hlutfall svara getur auðvitað ekki orðið minna en 0% eða meira en 100%). Dæmi: sé hlutfall svarmöguleikans "mjög gott" 78% og vikmörkin 4,5%, er vitað með 95% vissu að hlutfallið liggur á bilinu, 73,5% - 82,5% (78% +/- 4,5%).

C. Gröf


Gröf í Outcome eru ýmist súlurit, kókurit eða línurit. Með þeim myndrænan hátt meta niðurstöður hverrar spurningar.

Nemendakönnun 1 um líðan í skólanum

Gerð virk 12.10.2010 - 15:13
 Gerð óvirk 26.10.2010 - 14:32
 Tímabil 12.10.2010 - 26.10.2010
 Aðferð Vefkönnun


1. Hvernig líður þér þegar þú ert ekki í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Afar vel	10	71,43%	+/-23,66%
Nokkuð vel	3	21,43%	+/-21,49%
Sæmilega	1	7,14%	+/-13,49%
Illa	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög illa	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	14	100%	




2. Hvernig liður þér í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Afar vel	3	21,43%	+/-21,49%
Nokkuð vel	5	35,71%	+/-25,10%
Sæmilega	5	35,71%	+/-25,10%
Illa	0	0,00%	+/-0,00%
Mjög illa	1	7,14%	+/-13,49%
Alls	14	100%	




3. Er þér strítt þegar þú ert ekki í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög mikið	0	0,00%	+/-0,00%
Mikið	0	0,00%	+/-0,00%
Ekki mikið	1	7,14%	+/-13,49%
Lítið	0	0,00%	+/-0,00%
Nánast ekkert	13	92,86%	+/-13,49%
Alls	14	100%	




4. Er þér strítt í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög mikið	0	0,00%	+/-0,00%
Mikið	0	0,00%	+/-0,00%
Ekki mikið	0	0,00%	+/-0,00%
Lítið	4	28,57%	+/-23,66%
Nánast ekkert	10	71,43%	+/-23,66%
Alls	14	100%	




5. Ertu lagður/lögð í einelti þegar þú ert ekki í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög oft	0	0,00%	+/-0,00%
Oft	0	0,00%	+/-0,00%
Stundum	0	0,00%	+/-0,00%
Sjaldan	3	21,43%	+/-21,49%
Aldrei	11	78,57%	+/-21,49%
Alls	14	100%	




6. Ertu lagður/lögð í einelti í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög oft	1	7,14%	+/-13,49%
Oft	0	0,00%	+/-0,00%
Stundum	1	7,14%	+/-13,49%
Sjaldan	2	14,29%	+/-18,33%
Aldrei	10	71,43%	+/-23,66%
Alls	14	100%	




9. Eru skóladagarnir fljótari eða lengur að líða en aðrir dagar (t.d. frídagar) ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Miklu fljótari	0	0,00%	+/-0,00%
Fljótari	2	14,29%	+/-18,33%
Svipað	6	42,86%	+/-25,92%
Lengur	1	7,14%	+/-13,49%
Miklu lengur	5	35,71%	+/-25,10%
Alls	14	100%	



10. Hvernig finnst þér hæfileikar þínir njóta sín í skólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Afar vel	1	7,14%	+/-13,49%
